



Fundargerð

18.fundur Umhverfisnefndar Mýrdalshrepps var haldinn mánudaginn 23.september 2019 kl: 20:00 í Kötlusetri, Víkurbraut 28 í Vík í Mýrdal.

Fundinn sátu undirritaðir aðal- og varamenn. Ritari ritaði fundargerð.

Æsa Guðrúnardóttir formaður, setti fundinn og stjórnaði.

1. Umhverfisverðlaun Mýrdalshrepps 2019

I. Einstaklingar

Umhverfisnefnd Mýrdalshrepps er sammála því að veita Fjólu og Birgi einstaklingsverðlaun ársins 2019. Fjóla og Birgir hafa í áraraðir haldið sinni lóð og garði snyrtilegum og verið öðrum til fyrirmyndar. Þá hafa þau einnig verið dugleg í að sýna samfélaginu og nærumhverfi áhuga og ábyrgð og má þar t.a.m nefna að Fjóla hefur í áraraðir á hverju ári snyrt beðin á Guðlaugsblettinum ásamt fleiri verkum.

Samþykkt samhljóða.

II. Fyrirtæki

Umhverfisnefnd Mýrdalshrepps er sammála því að veita veitingahúsinu Suður-Vík fyrirtækjaverðlaun ársins 2019. Nefndin telur greinilegt að metnaður hefur verið lagður í að halda lóð og umhverfi snyrtilegu. Þá hefur einnig í auknu mæli verið tekið í notkun fjölnota umbúðir.

Samþykkt með 3 atkvæðum, MÖS, BÖS, PKK. ÆG og ÁJT sitja hjá.

Umhverfisnefnd vill að verðlaungripur verði í formi viðurkennignarskjals og trjáplöntu.

Samþykkt samhljóða.

Umhverfisnefnd vill einnig veita fjörulöllum sérstaka viðurkenningu fyrir ómetanlegt framlag sitt til umhverfismála í sveitarfélaginu.

Samþykkt samhljóða.

ÆG
MÖS
PKK

2. Tillögur að umbótun í umhverfismálum, v. fjárhagsáætlunnar

Umhverfisnefnd vill leggja áherslu á að eftirtöldum atriðum verði gefið svigrúm á fjárhagsáætlun sveitarfélagsins:

- Að komið verði upp nytjagám á gámasvæði sveitarfélagsins.
 - Að komið verði upp bekkjum og borðum í auknu mæli í sveitarfélaginu. Leggur nefndin til að þeim verði komið upp við Ærslabelg, á grassvæði milli Sunnubrautar og Víkurbrautar, og við Uxafótalæk.
 - Að syngjandinn verði gerður aðgengilegri og meira aðlaðandi. Mætti koma því á fót t.a.m með því að koma upp upphlöðnu útigrilli, fleiri bekkjum og borðum, skýli til að verjast veðrum og vindum ásamt fleiru.
 - Að göngustíg upp gamla kirkjuveginn verði viðhaldið betur.
 - Að borð og bekkir í NorðurVíkurgerði verði endurnýjuð.
 - Að sveitarfélagið leggi sitt að mörkum til að viðhalda Bjarkarlundi.
 - Að komið verði upp geymslusvæði fyrir kyrrsetta bíla o.þ.h utan þéttbýlis og eigendur þeirra tækja sem eru innan þéttbýlis verði hvattir til að koma þeim fyrir á slíku svæði.
 - Að húseignendur gæti að því að trjágróður innan sinna lóða vaxi ekki út á gangstéttar og hindri þar með gönguleiðir.
 - Að moldarflök við þjóðvegin í gegnum þorpið verði þökulögð sem fyrst.
 - Að opnunartími gámvallar verði aukin.
 - Að farið verði í átak við að slétta opin svæði í eigu sveitarfélagsins svo þau séu véltæk.
 - Að komið verði upp opinni líkamsræktaraðstöðu utandyra eða heilsuhring með það að markmiði að Mýrdalshreppur verði heilsueflandi samfélag.
- Samþykkt samhljóða.**

3. Önnur mál

ÁJT leggur fram eftirfarandi tillögu:

Umhverfisnefnd Mýrdalshrepps leggur til að Sveitarstjórn Mýrdalshrepps leiti allra leiða til að endurvekja vinnuskóla ungmenna í Sveitarfélaginu, hvort sem það yrði gert með endurskipulagningu starfsins, hækkun launataxta eða öðrum leiðum. Ásýnd sveitarfélagsins og viðhald opinna svæða hefur liðið fyrir vegna þess að starf vinnuskóla hefur lagst af á undanförunum árum.

Samþykkt samhljóða.

FEA
MOS
FLV

Fundi slitið: 21:40

Undirritaðir aðal- og varamenn

Æsa Guðrúnardóttir

Æsa Guðrúnardóttir, formaður

Bergný Ösp Sigurðardóttir

Bergný Ösp Sigurðardóttir, varaformaður

Ástþór Jón Tryggvason

Ástþór Jón Tryggvason, ritari

Petra Kristín Kristnsdóttir

Petra Kristín Kristnsdóttir

Magnús Örn Sigurjónsson

Magnús Örn Sigurjónsson